



Samráðsgátt (/oll-mal)

– opið samráð stjórnvalda við almenning



Samráð fyrirhugað
13.08.2019–10.09.2019



Til umsagnar
13.08.2019–10.09.2019



Niðurstöður í vinnslu
frá
10.09.2019



Niðurstöður birtar

Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga

Mál nr. S-206/2019 | Birt: 13.08.2019 | Síðast uppfært: 14.08.2019

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið | Drög að stefnu

Málefnasvið: | Sveitarfélög og byggðamál

Til umsagnar

Umsagnarfrestur er 13.08.2019–10.09.2019. Umsagnir eru birtar jafnóðum og þær berast. Niðurstöður samráðsins verða birtar þegar unnið hefur verið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem berast.

Senda inn umsögn

Málsefni

Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga er hér lögð fram til umsagnar. Allir geta sent inn umsögn og ábendingar og því um að ræða mikilvægt tækifæri til að hafa áhrif á stefnuna.

Sumarið 2018 var bætt við sveitarstjórnarlög ákvæðum um gerð stefnumótandi áætlunar ríkisins í málefnum sveitarfélaga. Samkvæmt þeim skal ráðherra sveitarstjórnarmála leggja að minnsta kosti á þriggja ára fresti fyrir Alþingi tillögu til

þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins um málefni sveitarfélaga til fimm ára í senn. Í áætluninni skal jafnframt mörkuð aðgerðaáætlun til næstu fimm ára á þessu sviði.

Með bréfi dags. 27. desember 2018 fól ráðherra starfshópi að undirbúa stefnumótunina og lagði jafnframt áherslu á að viðhaft yrði víðtækt samráð um land allt, sem kæmi til viðbótar við það samráð sem þegar hafði farið fram í samstarfi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, annarra ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga um stöðu og framtíð sveitarstjórnarstigsins.

Hinn 30. apríl sl. sendi starfshópurinn frá sér umræðuskjalið „Grænbók – Stefna um málefni sveitarfélaga“ en með því var almenningi og hagsmunaaðilum boðið að koma á framfæri sínum sjónarmiðum um álitaefni, viðfangsefni og framtíðarsýn, sem nýst gætu við stefnumótunina. Í grænbókinni voru settar fram 50 lykilspurningar sem varða áherslur og ýmsar áskoranir sem sveitarstjórnarstigið stendur frammi fyrir. Samráðsfundir starfshópsins með sveitarstjórnarfólkí voru haldnir um allt land þar sem grænbókin var kynnt og rædd. Þessu samhliða var grænbókin lögð til umsagnar í samráðsgátt Stjórnarráðsins. Grænbókina og fylgiskjöl með henni, samantekt yfir umsagnir sem bárust og frásagnir af kynningarfundum má finna í samtengdu máli neðar á síðunni.

Nú liggar fyrir tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga. Sett eru fram tvö megin markmið, sem kynnt voru í grænbókinni og mótuð frekar með hliðsjón af samráði og umsögnum sem bárust í tengslum við hana. Það fyrra lítur að sjálfbærni sveitarfélaga og lýðræðislegri starfsemi þeirra og það seinna lítur að sjálfsstjórn sveitarfélaga og ábyrgð þeirra, m.a. við að tryggja sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu. Skilgreindar eru margvíslegar áherslur við hvort markmið um sig, sem geta ýmist leitt til beinna og skilgreindra aðgerða eða til samþættingar við aðgerðir í öðrum opinberum áætlunum til að markmiðum áætlunarinnar verði náð.

Í tillögu að aðgerðaáætlun til næstu fimm ára (2019-2023) eru lagðar til 11 skilgeindar aðgerðir sem eiga að tryggja framgang markmiða áætlunarinnar. Gerð er grein fyrir markmiðum, hver ber ábyrgð á framkvæmd, samstarfaaðilum og fleira. Unnið er að því að kostnaðarmeta einstakar aðgerðir og því er ekki gerð grein fyrir kostnaði í tillöggunni eins og hún liggr fyrir.

Tengd mál

- Mál nr. S-116/2019 - Grænbók, stefna um málefni sveitarfélaga (/oll-mal/\$Cases/Details/?id=1375)
-

Ábyrgðaraðili

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
srn@srn.is (mailto:srn@srn.is)

Skjöl til samráðs

Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga
Sækja skjal (/Skrar/\$Cases/GetCaseFile/?id=%7bef547b0c-c1bd-e911-9454-005056850474%7d)
- 487 kb

Fjöldi umsagna

0

Viltu senda inn umsögn um málið?

Smelltu hér (<https://innskraning.island.is/?id=samradsgatt.island.is&path=%3freturnUrl%3d%2foll-mal%2f%24Cases%2fDetails%2f%3fid%3d1465>) til að skrá þig inn með Íslykli eða rafrænni auðkenningu.

Ef umsögnin er send fyrir hönd samtaka, fyrirtækis eða stofnunar þarf umboð þaðan, sjá nánar hér (<https://samradsgatt.island.is/library/Files/Umbo%C3%B020-%20lei%C3%B00beiningar%20fyrir%20samr%C3%A1%C3%B00sg%C3%A1tt%20r%C3%A1%C3%B00unehta.pdf>).